

Stefndi í aðalsök og stefnandi í aukasök Sigurður Andrés Kristinsson er vittur fyrir móðgandi ummæli á dskj. nr. 8 í málinu.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 313/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Stefáni Þorkatli Karlssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 24. þ.m., er barst Hæstarétti 27. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. september 1988.

Ár 1988, laugardaginn 24. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Stefáni Þorkatli Karlssyni, atvinnulausum með lögheimili að Leifsgötu 28, dvalarstað að Vesturbergi 78 hér í borg, fæddum 15. maí 1954 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæslu-

varðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Kærði Stefán Þorkell hefur viðurkennt að hafa tekið út parket fyrir 294.566,- krónur hjá Agli Árnasyni og notað í bilaviðskiptum. Kærði hefur borið að Gísli Már Jónsson hafi skrifað upp á vixil fyrir sig vegna viðskiptanna hjá Agli að fjárhæð kr. 294.566,-. Bifreiðin hafi verið metin á kr. 400.000,-, en hann hafi aldrei fengið hana afhenta, þar sem hún hafi bilað. Kærði hefur borið að hann hafi ætlað að selja hana og nota 100.000,- kr. af söluverði hennar til greiðslu inn á skuld kærða við byggingavöruverslunina GOS hf., sem hann hafi stofnað til vegna úttekta á málningu og fleiru fyrir 150.000,- kr.

Kærði hefur viðurkennt að hafa tekið að sér málningarvinnu í félagi við Kristján Daðason, og hafi kærði annast vöruúttekt vegna samstarfs þeirra þar sem Kristján sé gjaldproti. Samstarf þeirra hafi byrjað 1. júlí sl., en kærði losnaði úr afplánun 1. júní og vann ekkert þann mánuð. Kærði kveður þá hafa lokið við málningu á tveimur einbýlishúsum á Seltjarnarnesi og kærði fengið 60.000,- króna greiðslu í sinn hlut. Þeir hafi lokið við grunnmálningu á blokk við Engihjalla, Kópavogi, en kærði hafi veikt áður. en verkinu lauk. Kærði hafi nú fyrir stuttu ætlað að gá að málningu sem geymd hafi verið í ruslakompu blokkarinnar, en hún þá verið horfin.

Áður kveðst kærði hafa málað þak og lagt parket á eigin vegum fyrir bróður Kristjáns og fengið greitt fyrir verkið 380.000,- krónur. Efni hafi hann tekið út í Húsasmiðjunni fyrir 350.000,- krónur og ekki innt greiðslu af hendi.

Kærði kveðst hafa legið í rúminu síðan í byrjun ágúst vegna brjós-kloss og því ekki staðið við gerða samninga.

Kærði hefur viðurkennt að Gísli Már Jónsson hafi skrifað undir sjálf-skuldarábyrgð fyrir kærða í Húsasmiðjunni. Kærði hefur hins vegar alfarið neitað því að þeir hafi staðið saman að úttektum í hinum ýmsu byggingarvöruverslunum.

Kærði hefur borið að hringt hafi verið í sig vegna auglýsingar sem birtist í Dagblaðinu Vísi 15. ágúst sl., þar sem auglýstir voru til sölu 200 lítrar af innanhúsmálningu. Auglýst var að upplýsingar væru gefnar í síma hjá kærða. Kærði kannast hins vegar ekki við að hafa tekið út innanhúsmálningu eða séð um sölu hennar.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn mála þessara er á frumstigi, svo sem komið hefur fram hér að framan. Veruleg hætta er á að kærði hafi áhrif á hugsanlega samseka

og spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, enda ljóst að kærði er grunaður um umfangsmikil fjársvik. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 16:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Þorkell Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. október nk. kl. 16:00.

Fimmtudaginn 29. september 1988.

Nr. 270/1986. **Hrafnhildur Kjartansdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sigurði H. Guðmundssyni

(Guðmundur Markússon hrl.)

Fasteignakaup. Gjaldfelling. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut dómi í máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1986 og fjárnámsgerð með stefnu 19. desember 1986. Hún gerir eftirfarandi kröfur fyrir Hæstarétti:

1. Aðallega, að hún verði að svo stöddu sýknuð af öllum kröfum stefnda.
2. Til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar.
3. Að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld.
4. Að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og áfrýjuð fjárnáms-